



Tækniupplýsingar

EXTRA PALE VARNISH

INNILAKK

VÖRULÝSING

Einstakt olíuþynnt lakk byggt á sérvöldum pólýúretan olíum sem gefa nánast litlausa og tæra þekju. Gulnun er í algeru lágmarki miðað við önnur pólýúretanlökk. Lakkið er sérlega endingargott, er fánlegt hálfmatt og almatt, og myndar afar bletta- og vatnspolna filmu. Verndar náttúrulegt útlit viðarins. Hentar mjög vel fyrir: Hurðir úr harðviði eða mjúkviði, eldhúsbekki, skápa, afgangsluborð, bókahillur, veggþiljur o.fl.

LÖKKUN

Penslun: Notið ávallt vandaða, mjúka pensla. Hærið lakk vandlega. Það getur sest til við geymslu en eftir rækilega hrærslu er það tilbúið til notkunar. Dragið vel úr lakkinu en penslun samt haldið í lágmarki til að koma í veg fyrir penslaför. Lakkið hefur gott útfloot, hefur langan opinn tíma og er auðvelt í notkun við venjuleg skilyrði.

Rúllun: Rúllu má nota á stærri fleti. Bestur árangur fæst með vandaðri lakkrúllu. Penslið létt yfir flötinn í lokin.

Sprautun: Fylgið leiðbeiningum tækjaframleiðanda. Þynning með um 10% terpentínu (white spirit) gefur yfirleitt hæfilega seigju fyrir sprautun.

Nýtt, ólakkað yfirborð: Gangið úr skugga um að yfirborð sé hreint, þurrt og vandlega slípað. Samskeyti, sprungur og aðrar ójönur ætti að fylla með viðarfylli. Látið viðarfyllinn harðna og slípið. Hreinsið allt ryk af fletinum með ryksugu eða klút, vættum í terpentínu. Olíuríkar viðartegundir, svo sem tekk, ætti að hreinsa með terpentínu. Hrærið lakkið vandlega áður en hafist er handa.

Yfirborði lokað: Fyrsta umferð er oftast borin á með pensli en á harðvið má einnig strjúka yfirborð með tauklútum eða klossum vöfðum í tau. Sú aðferð auðveldar lakkinu að ganga inn í hart yfirborðið og stuðlar þannig að betri viðloðun. Þynning með um 10% terpentínu er oftast til bóta á harðvið.

Lokaumferð: Mælt með 2 umferðum eftir að sú fyrsta, sbr. hér að framan, hefur þornað. Sé óskað eftir sérlega jafnri áferð er slípað með fínnum sandpappír milli umferða. Fjarlægjið vandlega allt ryk.

Eldra, lakkað yfirborð: Sé eldra lakk í góðu ástandi er yfirborð hreinsað og óhreinindi, feiti, olíur og vaxbón fjarlægð. Mælt er með Nordsjö Málartvätt til að þrifa óhreinindi og fitu. Einnig er gott að strjúka yfir málaðan flöt með fínnum sandpappír eða slípmottu (filtmottu).

Einnig er allt skemmt og laust lakk skrapað af þar til fast, þétt yfirborð er fengið. Gerið við holur og sprungur með viðarfylli. Sé eldra lakk í lélegu ástandi er það allt fjarlægt og unnið síðan samkvæmt liðnum um nýtt, ólakkað yfirborð, sbr. hér að framan.

Athugið: Gerið ávallt prófun áður en vinna hefst. Endanlegt útlit er háð viðartegund í undirlagi og fjölda umferða. Forðist lökkun í lágu hitastigi og miklum raka, þar sem þurrktími lengist við þær aðstæður.

HREINSUN ÁHALDA

Áhöld má hreinsa með terpentínu á meðan lakkið er blautt. Þurrkið slettur af flötum með rökum klút. Þorni lakkið, næst það ekki af nema með málningarleysi.

EIGINLEIKAR LAKKS

Þekja:	Um 15 m ² /lítra á umferð
Þurr lakkfilma:	Hálfmött, almött
Þurrktími:	Að 2 klst við 20°C Lágt hitastig/hátt rakastig lengir þurrktíma Góð loftræsting er lykilatriði fyrir skamman þurrktíma
Hörðunartími:	Um 6 klst við 20°C
Tími milli umferða:	6-8 klst við 20°C
Yfirborðsharka:	Endingargott
Þol:	Gott gegn vatni og núningi

UMBÚÐASTÆRÐIR

500 ml.

GEYMSLA

Geymið í óopnuðum umbúðum á köldum, þurrum stað. Hlífið gegn beinu sólarljósi.

HEILSA, ÖRYGGI, UMHVERFI

Eldfimir vökvi og gufa. Skaðlegt: Hætta á alvarlegum heilsuskaða við langvinna innöndun. Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif. Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð. Gufa getur valdið sljóleika eða svima. Inniheldur 2-bútanon oxím og kóbalt- og zirkóníum karboxýlöt. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð. Notið hlífðarhanska, augnhlíf, andlitshlíf. Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar. BERIST EFNIÐ Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr fötum sem óhreinkast af efninu. Skolið húðina með vatni/farið í sturtu. Notið eingöngu í vel loftræstu rými. Geymist á köldum stað. Fargið innihaldi/iláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku. Geymið þar sem börn ná ekki til. Ef leita þarf læknis skal hafa ílát eða merkimiða tiltæk. Losið ekki í niðurföll eða vötn/ár/sjó. Getur valdið ofnæmisviðbrögðum.

Þær upplýsingar sem gefnar eru hér að ofan eru réttar samkvæmt okkar bestu vitneskju. Þar sem við getum ekki haft stjórn á aðstæðum og vinnulagi á hverjum stað, getum við ekki ábyrgst árangur. Notendum er ráðlagt að kanna með prófunum fyrir notkun, hvort varan hentar þeirra þörfum.

Útgáfa: Janúar 2019



SÉREFNI

Síðumúla 22, 108 Reykjavík og Dalvegi 32b, 201 Kópavogi | Sími 5170404 | www.serefni.is